



Fréttatilkynning

07 January 2022 14:16:00 GMT

Arion banki: Útboð á grænum skuldabréfum þann 13. janúar 2022

Arion banki verður með útboð á nýjum grænum skuldabréfaflokki, ARION 24 1020 GB, fimmtudaginn 13. janúar næstkomandi. Skuldabréfin verða gefin út undir grænni fjármálaumgjörð bankans og skráð í kauphöll Nasdaq Iceland.

Skuldabréfin eru til 2,75 ára og bera fljótandi óverðtryggða vexti 3M REIBOR + álag. Skuldabréfin eru með vaxtagreiðslum á þriggja mánaða fresti og einni endurgreiðslu höfuðstóls á lokagjalddaga árið 2024.

Í tengslum við útboðið fer fram skiptiútboð þar sem eigendur flokksins ARION CB 22 eiga þess kost á að selja bréf í flokknum gegn kaupum á skuldabréfum í nýja flokknum ARION 24 1020 GB.

Uppgjörsgdagur viðskipta er 20. janúar 2022.

Verðbréfamiðlun Arion banka hefur umsjón með útboðinu. Tilboðum skal skilað á tölvupóstfangið skuldabrefamidlun@arionbanki.is fyrir kl 16:00 þann 13. janúar 2022.

Frekari upplýsingar má nálgast á vefsíðu bankans:

<https://www2.arionbanki.is/bankinn/fjarfestatengsl/skuldabrefafjarfestar/graen-skuldabref/>

Í samræmi við ákvæði 2. tl. 1. mgr. 85. gr. í lögum nr. 70/2020 um skilameðferð lánastofnana (með breytingum), flokkast skuldabréf þessi sem almennar ótryggðar kröfur. Bréfin uppfylla ákvæði í grein 72b(2) í reglugerð Evrópusambandsins nr. 575 /2013 um varfærniskröfur vegna starfsemi fjármálafyrirtækja, að undanskildu ákvæði greinar 72b(2)(d) um undirskipan. Þessi skuldabréf flokkast því sem ótryggð skuldabréf (e. senior preferred).

Vinsamlegast beinið fyrirspurnum til:

Eiríks Magnúsar Jenssonar, forstöðumanns fjárstýringar, eirikur.jensson@arionbanki.is, s. 856 7468 eða Theodórs Friðbertssonar, forstöðumanns fjárfestatengsla Arion banka, ir@arionbanki.is, s. 856 6760



Viðhengi

[Arion banki: Útboð á grænum skuldabréfum þann 13. janúar 2022](#)